



Ferðahugur landsmanna endurspeglast í kortaveltunni

Vöxtur í kortaveltu er nú drifinn áfram af verulega aukinni neyslu erlendis frá. Kaup á skipulögðum ferðum hefur ríflega þrefaldast milli ára og eru margir komnir með útþrá sem mun að líkindum endurspeglast í kortaveltu næstu mánaða.

Kortavelta erlendis frá vegur þyngra

Seðlabanki Íslands birti í gær gögn um veltu innlendra greiðslukorta í ágúst.¹ Samanlagt jókst kortavelta um 11% milli ára miðað við fast gengi og fast verðlag. Alls nam velta tengd verslun og þjónustu innanlands 77 mö.kr. og jókst um tæp 5% milli ára á föstu verðlagi. Kortavelta Íslendinga erlendis nam tæplega 15 mö.kr. og jókst um 68% milli ára miðað við fast gengi. Líkt og á allra síðustu mánuðum er vöxturinn í kortaveltu að mestu leyti tilkominn vegna aukningar í kortaveltu erlendis frá þar sem Íslendingar eru nú farnir að ferðast til útlanda í auknum mæli.

Þeir Íslendingar sem fara út, gera vel við sig

Sé miðað við ágúst mánuð 2019, fyrir veirufaraldur, mælist kortaveltan erlendis frá aðeins 13% minni miðað við fast gengi. Brottfarir Íslendinga í gegnum Leifsstöð voru hins vegar tæplega 60% færri núna í ágúst samanborið við ágúst mánuð fyrir tveimur árum. Það má því leiða að því líkur að þeir sem fara til útlanda nú séu að eyða meiru á mann samanborið við stöðuna fyrir tveimur árum. Það kemur ekki endilega á óvart þar sem sparnaður hefur aukist, meðal annars vegna frestunar á ferðalögum á meðan faraldurinn stóð sem hæst og fólk því almennt að gera betur við sig nú en áður þegar kemur að ferðalögum.

Neysla innanlands ber merki um útþrá


Ef litið er til þess hvernig neysla Íslendinga innanlands hefur þróast má sjá að helsta breytingin frá því í ágúst í fyrra er sú að kaup á þjónustu

Greiðslukortavelta



Mánaðarleg gögn. Greiðslukortavelta í verslun hérlandis raunvirt með VNV án húsnæðis. Velta erlendis raunvirt með vísitölu meðalgengis. Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Greiðslukortavelta og framlag innanlands og erlendis



Greiðslukortavelta í verslun hérlandis raunvirt með VNV án húsnæðis. Velta erlendis raunvirt með vísitölu meðalgengis. Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

¹ Í þessari greiningu er litið til allrar greiðslukortaveltu í verslun og þjónustu innanlands (önnur viðskipti en í banka) og erlendis er litið til allrar kortanotkunar.




ferðaskrifstofa hefur aukist gífurlega, eða um alls 211% milli ára miðað við fast verðlag. Þrátt fyrir þessa aukningu mælist samdráttur upp á 51% sé miðað við stöðuna eins og hún var í ágúst 2019. Við sjáum því að þó ferðahugur sé farinn að aukast, eru ferðalög enn ekki kominn á sama stað og fyrir faraldur.

Veirufaraldurinn litar enn neysluvenjur

Aðrir útgjaldaliðir sem jukust verulega þegar faraldurinn skall á mælast enn nokkuð fyrirferðameiri en áður í neyslu landsmanna. Sem dæmi má nefna kortaveltu í byggingavöruverslunum sem mælist 18% meiri í ágústmánuði nú samanborið við sama mánuð árið 2019, miðað við fast verðlag. Svipaða sögu má segja um veltu í raf- og heimilistækjaverslunum sem mælist tæplega fjórðungi meiri en á sama tíma fyrir tveimur árum.

Sumir útgjaldaliðir sem dragast saman nú mælast þrátt fyrir það stærri en fyrir veirufaraldur. Sem dæmi má nefna kaup Íslendinga á gistiþjónustu innanlands sem drógust saman um 13% milli ára í ágúst en mælast þrátt fyrir það tæplega 60% meiri en á sama tíma árið 2019. Það er því ljóst að veirufaraldurinn hefur enn talsverð áhrif á neyslu- og ferðavenjur fólks þó við sjáum mikla aukningu eiga sér stað í kortaveltu erlendis frá. Á næstu mánuðum má gera ráð fyrir því að vöxturinn í neyslu landsmanna muni einkennast af auknu vægi erlendis frá.

Kortavelta Íslendinga innanlands eftir útgjaldaliðum í ágúst



Greiðslukortavelta raunvirt með viðeigandi undirlíð VNV. Heimild: Rannsóknarsetur verslunarinnar, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedeild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.